

# Umhverfisdagur Grunnskólans á Hól mavík

15. apríl 2011

## Dagskrá

### **8:10 -10:30 Smiðjuvinna**

Nemendum er skipt eftir aldurstigi í smiðjuvinnu sem fer fram innandyrá. Yngsta stigið, 1.-4. bekkur, vinnur í töskugerð þar sem endurunnið efni er notað til að skapa nýja afurð. Á miðstigi, 5.-7. bekkur, er unnið að skartgripagerð og á unglingastigi, 8.-10. bekk er unnið að skiltagerð með umhverfisslagorðum. Gestirnir frá Reykhólum og Drangnesi lauma sér inn í smiðjuvinnuna eins og við á þegar þeir mæta á staðinn. Nesti er tekið við hentugleika á þessum tíma.

### **10:30-11:10 Ratleikur**

Ratleikurinn er í umsjón 10.bekkjara. Nemendum allra skólanna er skipt í lið sem leysa léttar þrautir í umhverfi skólans.

### **10:30-11:00 Grænfáninn**

Starfsfólk Grunnskólans á Drangnesi og Reykhólaskóla fá kynningu á Grænfánaverkefninu.

### **11:10-12:00 Skemmtidagskrá**

Á skemmtidagskránni sýna nemendur ýmislegt sem þeir hafa verið að hanna og dúllast við í vetur, farið í leiki og fleira. Þessi dagskrá fer fram á skólalóðinni og í skógarlundi (útíkennslustofu) fyrir aftan skólann.

### **12:00-12:30 Söngstund og hressing**

Í söngstund skólans sem fram fer úti eru sungin hin ýmsu skemmtilegu lög en samhliða verður boðið upp á súpu í bolla og brauð auk þess sem nemendur fá tækifæri til að grilla sér sykurpúða.

### **12:30-12:40 Gestir kvaddir með virtum**

## **Til minnis**

Hlý föt og útivistarfatnaður

Java nálar fyrir yngsta stig (1 á mann)

Nesti fyrir nestistíma eða eins og hverjum þurfa þykir (athugið að í hádeginu er boðið upp á bolla-súpu og brauðbolla)

**Plan B** þýðir að öll dagskrá færir inn ef veður verður óhugnalegt